

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 19. desember 2022 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnaði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 96. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 95. fundar (21. nóvember 2022), sem send hafði verið nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu nokkrir orðalistar sem sendir höfðu verið nefndarmönnum í tölvupósti til yfirferðar.

- a) **Stoma, eclampsia og myography.** Lokayfirferð á stuttum orðalista sem ekki hafði tekist að afgreiða til fullnustu á fyrri fundum. Lítilsháttar viðbætur voru gerðar.
- b) **Fibrillation og flutter.** Lokayfirferð á stuttum orðalista. Engar athugasemdir gerðar. Gengið verður frá honum og færslurnar birtar í Íðorðabankanum.
- c) **Granulation.** Einnig lokayfirferð á stuttum orðalista. Var ræddur og einstaka athugasemdir gerðar. JHJ mun ganga frá breytingum og láta birta færslurnar í Íðorðabankanum.
- d) **Feedback.** Lokayfirferð á stuttum orðalista frá síðasta fundi. Tvær athugasemdir voru gerðar. Færslurnar verða birtar í Íðorðabankanum eftir lokafrágang.
- e) **Metabolism.** Farið var yfir nýjan lista með rúmlega 30 færslum með orðstofninum „metabol“ og hann ítarlega ræddur. Margvíslegar athugasemdir og tillögur voru settar fram til úrvinnslu. JHJ mun vinna færslurnar áfram með tilliti til þessa og senda nefndarmönnum í tölvupósti til yfirferðar.

Önnur mál:

RTG greindi frá því að hann hefði gengið frá **Postgraduate training list**, sem hann kynnti á síðasta fundi, og lagt íslensku heitin fram til notkunar í vinnu við skipulagningu sérnáms í læknisfræði á Íslandi.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 23. janúar 2023. JHJ mun undirbúa fundinn og boða á venjulegan hátt með tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.